



Fundargerð stjórnar SOS nr. 318

Staður: Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Dagsetning og tími: 17. apríl kl. 11:00.

Mætt voru: Anton Kári Halldórsson (AKH), formaður, Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), Bragi Bjarnason (BB) Fjóla St. Kristinsdóttir (FSK), og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (DSS), sem ritaði fundargerð. Þá mætti á fundinn Bjarni Guðmundsson (BG) frá SASS.

1. Erindi v. urðunar riðusmitaðs fés frá sveitarstjóra Húnaþings Vestra

Formanni hefur borist erindi frá sveitarstjóra Húnaþings Vestra varðandi beiðni um urðun á riðusmituðu fé að norðan vegna yfirstandandandi bilunar Kólku. Umhverfisstofnun hefur upplýst formann um að hún telji Kirkjuferjuháleigu hentugan stað til urðunarinnar þar sem þar eru tilskilin leyfi til staðar og svæðið hefur verið nýtt áður til að urða riðusmitað fé. Formaður hefur upplýst bæjarstjóra Ölfuss um erindið.

Stjórn harmar þá stöðu sem upp er komin í Húnaþingi Vestra varðandi riðusmit og sendir hlýjar kveðjur til þeirra sem í hlut eiga. Urðunarstaðurinn að Kirkjuferjuháleigu hefur verið í lokunarferli undanfarin ár. Stjórn telur því miður ekki unnt að verða við beiðni um urðun riðusmitaðs fés skv. beiðninni innan starfssvæðis SOS meðal annars vísan til áhættu af meðhöndlun og urðun slíks úrgangs á starfssvæðinu.

2. Önnur mál

Önnur mál ekki rædd.

Fundi slitið klukkan 11:30.